

# Fundur í vatnasvæðisnefnd 1 hjá Umhverfisstofnun, Reykjavík, 9. október 2014

Mætt voru: Sigurður Jónsson (Svf. Ölfus), Tómas G. Gíslason (Mosfellsbær), Sveinn Númi Vilhjálmsson (Reykjanesbær), Dagur Jónsson (Hafnarfjarðarbær), Steingrímur Hauksson (Kópavogsbær), Árni Hjartarsson (HÍN), Magnús H. Guðjónsson (HeS), Daði Þorbjörnsson (ÍSOR), Páll Stefánsson (HHK), Erla Bil Bjarnadóttir (Garðabær), Björg Gunnarsdóttir (Borgarbyggð), Kristín Lóa Ólafsdóttir, (HeR) Svanfríður Dóra Karlsdóttir (Ust), Helgi Jensson (Ust), Tryggi Þórðarson (Ust).

## 1. Vatnasvæðanefndir, fundir, formaður og hlutverk.

Svanfríður gerði stuttlegra grein fyrir hlutverki og verkefnum vatnasvæðanefnda og þeirri stöðu sem verkefni á sviði stjórnar vatnamála væru í. Ennfremur hvernig vinnuskipulagi hjá Umhverfisstofnun er háttað í kjölfar niðurskurðar. Útskýrði hún að vegna takmarkaðs fjármagns til að vinna þessi verkefni væri ekki hægt að halda sérstaka vinnufundi í vatnasvæðanefndum í ár. Skýrði hún m.a. frá því að á meðan þetta ástand varir hefði það verið sett í bið að skipa nýjan formann í vatnsvæðisnefndirnar. Fram kom hjá henni að þessi fundur væri haldin sérstaklega til að fjalla um stöðu verkefnanna, ekki síst undirbúningsvinnu við gerð vöktunaráætlunar, sem er eina verkefnið sem unnið er að í ár.

## 2. Kynning á stöðu stjórnar vatnamála.

Hvert við erum komin og hvað er framundan.

Svanfríður rakti stöðuna varðandi innleiðingu ákvæða laga um stjórn vatnamála. Fjallaði hún um það ástand sem skapaðist þegar vinna í málaflokknum lagðist að mestu niður vegna fjárskorts. Eina verkefnið sem unnið væri að núna snéri að gerð grunns fyrir vöktunaráætlun sem áfram yrði unnið að því að fullkomna. Rakti hún m.a. hvaða verkefnum væri lokið og drap á sum þeirra verkefna sem eftir væru. Tiltók hún að þeir frestir sem gefnir eru í lögunum um stjórn vatnamála væru sömu frestir og Íslend hefur skuldbundið sig til að fylgja skv. samningnum um EEA.. Ekki er lengur fylgt svokallaðri flýtiáætlun en ljóst væri að ekki hefði tekist að fylgja henni jafnvel þótt fjármögnun hefði verið óbreytt. Skýrði hún frá því að óvist væri um fjármögnun fyrir næsta ár. Í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu færi nú fram vinna við gerð lagafrumvarps þar sem gert væri ráð fyrir gjaldtöku vegna vatnspjónustu í samræmi við meginregluna í lögum um stjórn vatnamála um endurheimt kostnaðar. Ætlunin væri að þessi gjaldtaka tæki mið af mengunarþótareglunni og nytjagreiðslureglunni. Fram kom hjá henni að stefnt væri að því að leggja frumvarpið fram á yfirstandandi þingi. Hvatti hún nefndarmenn til að kynna þau mál sem rædd yrðu á fundinum fyrir þeim sem þeir eru fulltrúar fyrir og lagði áherslu á að ekkert í þessari vinnu væri leyndarmál. Fram kom hjá henni að ætlunin væri að vinna vöktunaráætlun á löngum tíma og að gerðar erðu endurbætur á um tveggja ára fresti allt þar til hún yrði fullgerð. Ennfremur að eðlilegt væri að gera ráð fyrir að vöktun hæfist ekki fyrr en um einu ári eftir að vöktunaráætlun tekur gildi.

Umraður urðu um þessi mál. M.a. vakti Magnús athygli á því að þegar Rosmhvalanes 2 var metið í hættu og sýnt rautt í vatnshlotavefsjá hefðu orðið talsverð viðbrögð hjá þeim sem nýta vatn úr vatnshlotinu, m.a. í Garði og í Sandgerði en í því síðarnefnda væri vatnið notað til matvælaframleiðslu og það liti ekki vel út að taka vatn úr þessu vatnshloti jafnvel þótt vatnsbólið sé ómenguð. Fram kom einnig (FRÁ HVERJUM?) að svipuð viðbrögð hefðu orðið vegna flokkunar grunnvatnshlotsins Stór-Reykjavík í

óvissu. Svanfríður viðurkenndi að Umhverfisstofnun þyrfti að standa sig betur í að upplýsa almenning á skiljanlegu formi.

3. **Vöktunaráætlun og hvernig koma má athugasemdum og upplýsingum á framfæri.**  
Tryggvi Þórðarson fór í gegn um þá vinnu við gerð vöktunaráætlunar sem unnin hefur verið hjá Umhverfisstofnun og skýrði út þau gögn sem lágu fyrir í sumar og send voru út til að fá ráðleggingar frá ráðgjafarnefndum og athugasemdir eða umsagnir annarra. Rakti hann m.a. þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar fyrir vali á vatnshlotum til vöktunar og gerði grein fyrir þeim álitamálum sem ákveðið hafi verið að vísa til ráðgjafarnefnda og samráðs þeirra sem að gerð vöktunaráætlun koma. Lagði hann áherslu á að þrátt fyrir að sérstaklega hefði verið bent á þessi tilteknu atriði, væri óskað eftir athugasemdum um önnur atriði ef einhverjar væru. Fram kom að hægt væri að hringja í starfsmenn Umhverfisstofnunar til að leita upplýsinga, t.d. um einhver atriði þarfnað meiri skýringa.

Urðu umræður um nokkur atriði í þessu samhengi.

4. **Umræður og önnur mál.**  
Ekki voru fleiri mál tekin fyrir.